

## Útgáfutiðindi úr Íslenskri málstöð 2001

### **Kynningarbæklingur um íslensku**

Íslensk málstöð og landsnefnd um „Evrópskt tungumálaár 2001“ efndu í samvinnu til myndskreytts kynningarbæklings um íslenskt mál (16 bls.) sem kom út á degi íslenskrar tungu, 16. nóvember 2001. Menntamálaráðuneytið gaf bæklinginn út og utanríkisráðuneytið veitti styrk til útgáfunnar. Bæklingurinn kom út í fimm gerðum; á íslensku, dönsku, ensku, frönsku og þýsku: *Íslenska – í senn forn og ný, Islandsk – gammelt og nyt på samme tid, Icelandic – at once ancient and modern, L'islandais – ancien et moderne à la fois, Isländisch – zugleich alt und neu*. Ritið má nálgast hjá menntamálaráðuneytinu og enn fremur hefur það birst sem pdf-skjal á vef ráðuneytisins.

### **Skýrsla um notkunarvið íslensku og ensku**

Skýrslu þá um notkunarvið íslensku og ensku á Íslandi, sem Kristján Árnason fjallar um á bls. 5-7 í grein sinni í þessu tölublaði, má finna á vef Íslenskrar málstöðvar: <http://www.ismal.hi.is/utredning.html>. Skýrslan er á norsku.

### **Orðabanki Íslenskrar málstöðvar**

Árið 2001 voru undirritaðir samstarfssamningar við nokkra nýja réttihafa íðorðasafna um vinnusvæði og birtingu orðasafna þeirra í orðabankanum: við Jarðfræðafélag Íslands, um Orðasafn Jarðfræðafélags Íslands; við Náttúrufræðistofnun Íslands, um Íslensk plöntuheiti; við Arkitektafélag Íslands, um Orðasafn um byggingarlist; og við Gauta Kristmannsson, um Orðasafn úr þýðingafræði.

Í árslok 2001 voru í orðabankanum um 137.000 færslur (hugtök) í vinnsluhluta og um 130.000 í birtingarhluta í orðasöfnum í ýmsum greinum; vinnusvæði voru í vinnsluhluta orðabankans fyrir 52 orðasöfn á ýmsum stigum; 38 orðasafnanna voru jafnframt komin í birtingarhluta orðabankans.

This document was created with Win2PDF available at <http://www.daneprairie.com>.  
The unregistered version of Win2PDF is for evaluation or non-commercial use only.